



Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 107. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á fjarfundi, miðvikudaginn 18. janúar 2023, kl. 15:30.

Fundinn sátu:

Elín Heiða Valsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skaftárhrepps, Þráinn Ingólfsson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps, Einar Örn Kristjánsson, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar, Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka, Karl Ingólfsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Haukur Eggertsson, varafulltrúi Samtaka útivistarféлага, Sveinn Hreiðar Jensson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Rannveig Ólafsdóttir, varafulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands, Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Gestur:

Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs.

1. Vestursvæði - af vettvangi stjórnar - 1805025

Formaður svæðisráðs fer yfir helstu atriði af vettvangi stjórnar.

Ráðherra hefur skipað nýjan formann stjórnar þjóðgarðsins, Jón Helga Björnsson og hann var boðinn velkominn til starfa á síðasta stjórnarfundi þann 16. janúar. Haldnir hafa verið tveir fundir stjórnar síðan svæðisráð fundaði síðast. Á fundinum 19. des var rekstraráætlun samþykkt.

2. Útgáfa - Starfsreglur fyrir stjórn og svæðisráð - með skýringum - 2210043

Lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs kynnir drög að starfsreglum fyrir stjórn og svæðisráð.

Drög að starfsreglum kynnt og rædd. Lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs hvatti fundarmenn til að senda sér spurningar og vangaveltur sem kynnu að kvikna í framhaldinu.

Lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs yfirlit fundinn kl. 16:37

3. Vestursvæði - Skýrsla þjóðgarðsvarðar - 1912003

Yfirlit yfir helstu viðfangsefni, málefni gestastofu o.fl.

Þjóðgarðsvörður fór yfir helstu verkefni líðandi stundar. Búið er að ráða Hönnu Valdísi Jóhannsdóttur í nýtt starf sérfræðings á vestursvæði. Aðalábyrgðarsvið hennar er umsjón með daglegum rekstri nýrrar gestastofu, svo og tengsl við ýmsa hópa samfélagsins og hagaðila varðandi gestastofuna og verkefni sem henni tengjast. Undirbúningur fyrir opnun nýrrar gestastofu er í fullum gangi. Fréttabréf vestursvæðis og ársskýrsla þess eru á lokametrunum. Unnið er að skiltaverkefnum og nýrri viðbragðsáætlun vegna Skaftárhlaupa.

Ákveðið að fella niður febrúarfund svæðisráðs að óbreyttu. Næsti fundur er þá 8.mars kl. 15:30 skv fundaaætlun

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.
Fundi slitið kl. 17:00.